

Stjórnarfundur FEB nr. 438
Priðjudagur 14.1.2020 kl. 9:30

Mætt: Ellert B. Schram, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Finnur ^{Bergjónsson} Árnason, Guðrún Árnadóttir, Kári Jónasson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri og Daði Halldórsson lögfræðingur félagsins.

Fjarverandi: Róbert Bender

Dagskrá:

1. Ferðaskrifstofa eldri borgara, yfirlýsing FEB ofl.

Daði Halldórsson lögfræðingur félagsins fór yfir málið, FEB hefur sent frá sér yfirlýsingu á heimasíðu félagsins og helstu fjölmiðla um að "Ferðaskrifstofa eldri borgara" sé FEB algjörlega óviðkomandi. Í vinnslu hjá lögfræðingi er bréf til Niko félagsins og tilkynning til persónuverndar um öryggisbrest. Þá var samþykkt að reyna að ná samkomulagi við fv. framkvæmdastjóra um uppgjör vegna starfsloka.

Samþykkt að Daði lögfræðingur sjái um öll samskipti í málinu og enginn annar.

2. Undirbúningur aðalfundar ofl.

Farið yfir ýmis mál vegna undirbúnings aðalfundar. Uppstillingarnefnd að störfum. Komin eru fram framboð til formanns og fleiri framboð til stjórnar. Koma þarf á framfæri að ennþá er frestur til að skila framboðum þar sem aðalfundi hefur verið frestað til 12. mars. Skipa þarf kjörnefnd sem sér um framkvæmd kosninga á aðalfundi. Nefnd sem sjá á um undirbúning aðalfundar hefji störf hið fyrsta. Fjöldi verkefna s.s. skýrsla stjórnar, félagstíðindi ofl. þurfa að klárast. Finnur ræddi tillögu um að þar sem lagabreytingar væru á dagskrá aðalfundar væri stefnt að því að breyta ákvæðum laga félagsins um endurskoðun samkvæmt tillögu Deloitte. Tilgangurinn er að spara kostnað við endurskoðun mv. umfang félagsins. Finnur fylgi eftir eins og öðrum tillögum um lagabreytingar. Áður hefur komið fram að halda þarf kynningarfund 2 vikum fyrir aðalfund um fyrirhugaðar lagabreytingar. Finna þarf góðan fundarstjóra.

3. Starfsmannamál FEB

Rætt um að ráða nú þegar starfsmann vegna mikils álags og vegna þess að Kristín hefur sagt upp mv. 1. apríl. Guðrún og Sigríður hafa þegar rætt við hugsanlegan starfsmann sem lofar góðu. Þær taka að sér að ræða nánar við viðkomandi og ganga til samninga með það fyrir augum að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Með óvæntum veikindum SHP, sem verður líklega frá næstu mánuði, er enn meiri þörf á að styrkja starfsmannamálin. Stefnt er að því að kynna viðkomandi fyrir stjórn 21. janúar.

4. Önnur mál

Þorbjörn og Ólafur taka að sér að hitta byggingarnefnd á föstudag 17.1. kl 10. Í framhaldi af þeim fundi hittir byggingarnefndin stjórn FEB þ. 22. janúar. Á þeim fundi munu fulltrúar Deloitte kynna meginatriði skýrslu um Árskóga.

Ferðanefnd KJ og ÓÖI sendi út sem fyrst upplýsingar um ferðir sumarsins. Umsókn um ferðaskrifstofuleyfi er í ferli og þarf að vera í forgangi.

Fundi slitið 12.05

ÓÖI

